

Skuldastaða heimilanna:

Vandinn er ekki húsbrefum að kenna

– segir Rannveig Guðmundsdóttir félagsmálaráðherra. Aðeins eitt prósent heimila hefur sótt um greiðsluerfiðleikalán á einu ári.

„Það er athyglisvert að enginn virðist hafa heildaryfirsýn yfir það hver vandinn er vegna skulda heimilanna eða hversu stór hann er. Öllum er mjög umhugað um að fá skýra mynd af þessu dæmi og það eru allir tilbúnir að taka þátt í samstarfi um að leysa þessi mál. Því er mjög mikilvægt að fá það skilgreint hver greiðsluvandinn er í raun hjá almennum hópum,“ sagði Rannveig Guðmundsdóttir félagsmálaráðherra í samtali við Alþýðublaðið



Rannveig: Það má aldrei gleyma því, að það stóra lán sem húsbrefakerfið er, beindist að því að létta fólki endurgreiðslur svo það þyrfti ekki stöðugt að hlaupa milli banka til að borga lán með öðru láni.

í gær.

Skuldastaða heimilanna var rædd á Alþingi og þar flutti Rannveig Guðmundsdóttir greinargóða ræðu þar sem hún meðal annars varaði við stórvörðum og fullyrðingum um gjaldþrot heimilanna. Vissulega væri við vanda að etja en þó hefði aðeins eitt prósent heimila sótt um greiðsluerfiðleikalán á einu ári. En hverjir eru helst í vanda staddir?

„Úrtak sem Húsnæðisstofnun hefur gert sýnir að það eru ekki endilega þeir tekjulágu sem eru í vanda. Það eru mjög margir í vanda sem eru með há meðallaun og stórar íbúðir með nokkuð háu bruna- bótamati þegar tekið er meðaltal. Í þessu felast auðvitað ákveðin skilaboð. Einnig er það athyglisvert að húsnæðisskuldarnar vega minna í skuldum heimilanna en áður sem þýðir að fólk er að eyða og fjárfesta í aðra hluti. Það er nauðsynlegt að átta sig á hvort þar er um nauðpurftir að ræða eða eitthvað annað,“ sagði Rannveig.

Átaksvika í ráðgjöf

Varðandi þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að aðstoða fólk sem á í erfiðleikum sagði Rannveig Guðmundsdóttir meðal annars:

„Í bandorninum svokallaða sem var lagður fram á Alþingi á mánudaginn er heimild til að halda áfram skuldbreytingum hjá Húsnæðisstofnun. Síðan verður það skoðað hvort greiðsluerfiðleikalán verða við lýði eða ekki. Ákvörðun hefur ekki verið tekin. Við viljum láta greina vandann betur en það má þó ekki tefja fyrir úrræðum. Því höfum við kallað eftir tilnefningum í starfshóp til að gera tillögur um samræmdar aðgerðir vegna greiðsluerfiðleika og ráðgjöf um fjármál heimilanna.

Ég hef líka mikinn hug á að koma á einhvers konar átaksviku í fjármálaráðgjöf. Allir þeir aðilar sem hafa fengið þjálfun í að skoða fjárhagsstöðu fólks kæmu þarna við sögu og hjálpuðu fólki við að fá yfirsýn yfir fjármál sín. Þarna mætti líka kanna hve margir þurfa skuldbreytingu og að hve miklu leyti hún færi í gegnum bankakerfið og að hve miklu leyti gegnum Húsnæðisstofnun. Það má nefnilega ekki gleyma því að Húsnæðisstofnun getur ekki gert meira en hagræða þeim lánum sem eru hjá henni, nema þá í gegnum sérstök greiðsluerfiðleikalán. Bankarnir hafa verið að taka þátt í þessari vinnu með því að veita löng skuldbreytingalán og það er mikilvægt að greina þörfina fyrir þetta. Þess vegna er samspil allra aðila mjög mikilvægt og að hlutir gerist hratt,“ sagði félagsmálaráðherra.

Ekki húsbrefum að kenna

Rannveig Guðmundsdóttir lagði áherslu á að það þyrfti að draga fram blákaldr staðreyndir varðandi skuldastöðu heimilanna. Ef litið væri til Húsnæðisstofnunar og borin saman vanskil á árunum 1990 og 1994 kæmi í ljós að í Byggingasjóði ríkisins væri hlutfall þriggja mánaða vanskila af gjaldföllum greiðslum 25,9% árið 1990 en 20,2% það sem af er þessu ári, sem væri talsvert lægra hlutfall. Í Byggingasjóði verkamanna voru þessi vanskil 41,7% árið 1990 en 37,7% á þessu ári, sem væri líka lægra hlutfall. Í Húsbrefadeild væri hlutfallið 25,3%.

„Vandinn er ekki húsbrefum að kenna. Ef til vill er það þó svo í þeim tilvikum sem fólk hefur farið í viðbótarfjárfestingar, að fólki hafi fundist það fá svo góða greiðslubyrði með háu húsbrefaláni, að það hafi tekið önnur lán til annarra

nota. En það má aldrei gleyma því, að það stóra lán sem húsbrefakerfið er, beindist að því að létta fólki endurgreiðslur svo það þyrfti ekki stöðugt að hlaupa milli banka til að borga lán með öðru láni.

A þessu ári og því næsta erum

við með húsbrefalánunum og lánunum til félagslegra íbúða að auka skuldir heimilanna um 38 milljarða. Það er ekki af hinu slæma. Það að hafa góð lán í boði til öflunar húsnæðis, eða til að fjárfesta í eigin framtíð með menntun, eru lán sem eru af

því góða. Að halda því fram að það verði að draga úr lánunum til heimilanna er ekki félagshyggjugal. Þá væri komið aftur í gamla dilkadráttinn,“ sagði Rannveig Guðmundsdóttir félagsmálaráðherra.

Ný bók eftir höfund metsölubókarinnar: Á SLÓÐ KOLKRABBANS

BANKA BÓKIN

Hverjir eiga peningana okkar?

Bókin sem rýfur bankaleyndina!

ARNALDUR ARNASON

Í Bankabókinni fer lesandinn á bak við tjöldin í peningastofnunum landsins í fylgd með Nóra, sögu-manninum úr „Kolkrabbanum“, og fær m.a. að gægjast inn þar sem útvalin stórmenni á þreföldum ráðherralaunum sitja í góðu yfirleati við að ákveða vexti, verðbætur og þjónustugjöld handa þér að borga.

Vissir þú að útlánatöp síðustu þriggja ára jafngilda verðmæti allrar byggðar í Breiðholti?

Vissir þú að Seðlabankakóngurinn var sömuleiðis stjórnarformaður þess fyrirtækis sem sló metið í taprekstri á Íslandi 1993 og skuldar meira en allur íslenski sjávarútvegurinn samanlagt?

Nóri fer á kostum og frændfólk hans er ekki að skafa utan af því frekar en fyrri daginn.

Bókaútgáfan

Eldey

Ármúla 5 • Sími: 88 30 80 • Fax: 2 75 14

Sýning Ásgerðar



Framundan er síðasta sýningarhelgi á úrvali verka Ásgerðar Búadóttur í Listasafni Íslands. Verkin eru 13 að tölu og flest unnin á síðastliðnum 10 árum. Listasafnið hefur tekið þá stefnu að velja verk starfandi listamanna til kynningar. Er þessi sýning önnur í röðinni. Með sýningunni gefst ágætt tækifæri til að kanna stöðu Ásgerðar í íslenskrí myndlist og þar með áréttbrautryðjenda-starf hennar á sviði nútíma veflistar. Sýningu Ásgerðar lýkur á sunnudag og er hún opin klukkan 12:00 til 18:00. Á-mynd: E.Ól.